



## **Fundur í fræðslunefnd Húnavatnshrepps miðvikudaginn 16. febrúar 2011 kl. 20.00 í Húnavallaskóla.**

Dagskrá:

- 1 Fundarsetning
- 2 Skýrsla leikskólastjóra
- 3 Skipulagsbreytingar
- 4 Skýrsla formanns
- 5 Skýrsla skólastjóra
- 6 Skipulagsbreytingar
- 7 Önnur mál
- 8 Fundarslit

### 1. Fundarsetning.

Birgir Ingbórsson formaður nefndarinnar setti fundinn. Kl. 20.00. Jón Gíslason boðaði forföll og mætti Fanney Magnúsdóttir í hans stað.

### 2. Skýrsla leikskólastjóra.

Jóhanna Jónasdóttir og Þórunn Ragnarsdóttir mættu til fundar. Leikskólastarfið gengur vel, það eru 10 börn í skólanum og munu 2 bætast við um næstu mánaðarmót. Sumarlokun leikskóla verður 27 júní til 7 ágúst.

### 3. Skipulagsbreytingar.

Jens og Þóra ræddu hugmyndir að samrekstri í grunn og leikskóla og fóru umræður fram. Ávinningur af samrekstri skóla getur m.a. verið:

- a Samræmd fagleg uppbygging
- b aukin skilvirkni í stjórnun
- c hagræðing í rekstri

Jóhanna Jónasdóttir og Þórunn Ragnarsdóttir yfirlögðu fundinn.

### 4. Skýrsla formanns.

Birgir Ingbórsson ræddi ýmis málefni fræðslunefndar án bókana.

Þorkell Ingimarsson, Jóhanna Jóhannsdóttir og Birgitta H. Halldórsdóttir mættu til fundar.

### 5. Skýrsla skólastjóra.

Skólastarfið hefur gengið vel og kynnti Þorkell skýrslu Pisa 2009 og var skólinn langt yfir meðallagi yfir skólana á norðurlandi.

Lögð var fram niðurskurðaráætlun fyrir skólann og hljóðaði hún upp á sparnað upp á 8.514.183. og fóru umræður fram.

Samþykkt var að beina því til sveitastjórnar að halda óbreyttu fyrirkomulagi á danskennslu, myndlistarkennslu og ráðningu fagmenntaðs leikara fyrir árs hátíð.

#### 6. Skipulagsbreytingar.

Jens og Þóra kynntu hugmyndir að samrekstri í leik og grunnskóla og fóru umræður fram. Samþykkt var að formaður og varaformaður vinni að undirbúningi að samrekstri.

#### 7. Önnur mál.

Unnið er að útboði í skólaakstri. Fyrirhugað er námskeið fyrir skólanefndir 11. apríl á Sauðárkróki, formaður hvetur sem flesta til að mæta. Fyrirhugaður er aðalfundur hjá foreldrafélaginu 23. mars.

Sveitarstjóri lagði fram eftirfarandi bókun:

Komið hefur í ljós að á fundi skólaráðs Húnavallaskóla þann 23.nóvember 2010 sátu tveir fulltrúar nemenda sem ekki hafa hlotið kosningu til setu í skólaráði. Hvorki fulltrúar nemenda sem hlotið hafa kosningu í skólaráð né varamaður voru boðuð til fundarins. Við boðun fundarins hefur því ekki verið farið eftir reglugerð nr 1157 frá 4. des 2008, um skólaráð við grunnskóla.

Teppin voru hreinsuð í skólanum um daginn og leggur Þorkell mikla áherslu á að hótelhaldari gangi betur um skólahúsnæði og skili húsnæðinu í sama ástandi og tekið er við því að vori. Allir fundarmenn tóku undir að þessir hlutir þyrftu að vera í betra lagi

#### 8. Fundarslit.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 22:30

Birgir Ingbórsson  
Jens Pétur Jensen  
Þóra Sverrisdóttir  
Eline Schrijver  
Birgitta H. Halldórsdóttir  
Þorkell Ingimarsson  
Fanney Magnúsdóttir  
Jóhanna Jóhannsdóttir  
Sveinfríður Halldórsdóttir  
Þórunn Ragnarsdóttir  
Jóhanna Jónasdóttir  
Bjarni G. Ragnarsson